

# **Stofnanasamningur**

**milli Landssambands lögreglumanna annars vegar**

**og**

**embættis ríkislögreglustjóra hins vegar**

byggður á ákvæðum samkomulags um breytingar  
og framlengingu á kjarasamningi  
milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og  
Landssambands lögreglumanna,  
dagsett 30. apríl 2005.

# Stofnanasamningur

milli Landssambands lögreglumanna annars vegar og embættis ríkislögreglustjóra hins vegar um röðun lögreglumanna í launaflokka á grundvelli ákvæða samkomulags um breytingar og framlengingu kjarasamnings milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna, dagsett 30. apríl 2005, ásamt síðari breytingum og framlengingum.

## 1. Gildissvið

Samningurinn nær til allra lögreglumanna við embætti ríkislögreglustjóra sem fá greidd laun samkvæmt kjarasamningi milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna og er hluti af honum. Samningurinn er byggður á ákvæðum samkomulags milli fjármálaráðherra og Landssambands lögreglumanna, dagsett 30. apríl 2005 sem og stofnanasamningi dags. 23. maí 2005 og viðaukum við þann stofnanasamning dags. 19. október 2011 og 10. nóvember 2015.

Stofnanasamningurinn gildir frá 1. janúar 2018.

## 2. Markmið

### Markmið stofnanasamningsins eru eftirfarandi:

Markmið samningsins er að styðja við stefnu ríkislögreglustjóra í mannauðsmálum. Meginmarkmið mannauðsstefnunnar er að stuðla að því að stofnunin hafi ávallt á að skipa hæfu, traustu og áhugasömu starfsfólki sem starfar að einuð að framkvæmd meginhlutverks embættisins að leiða lögregluna í landinu og standa vörð um öryggi borgaranna. Embættið einsetur sér að stuðla að hvetjandi umhverfi sem ýtir undir fagmennsku og virka starfsþróun starfsfólks og gerir embættinu þannig kleift að vera í forystu við að nýta þekkingu í þágu framfara og almannahagsmuna og að veita borgurum framúrskarandi þjónustu. Áhersla er lögð á að skapa starfsumhverfi sem býður upp á virka möguleika til starfsþróunar og veita starfsfólki aðstæður til að samræma starfsskyldur sínar og fjölskylduábyrgð, þannig að jafnvægi ríki.

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með stofnanasamningi þessum:

- Að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun teknar út frá málefnalegum hætti.
- Að launakerfið sé gagnsætt og réttmætt. Að launakerfið verði starfsfólki hvatning til markvissari vinnu og leiði til aukins árangurs.
- Að starfsfólk fái tækifæri til starfsþróunar og að stuðst verði við virkar starfslýsingar í árlegum starfsmannasamtölum, þær endurskoðaðar og uppfærðar í samræmi við þróun starfa.
- Að gerðar verði starfsþróunaráætlanir fyrir stofnunina og allt starfsfólk hennar.
- Að í kjölfar starfsmannasamtala liggi fyrir starfsþróunaráætlanir fyrir allt starfsfólk stofnunarinnar.

### 3. Starfaflokkar

Á grundvelli skilgreininga á störfum lögreglumanna samkvæmt reglugerð nr. 1051/2006 um starfsstig innan lögreglunnar, dags. 15. desember 2006, eru starfaflokkar ákveðnir sem hér segir:

#### Starfaflokkur 1 - Lögreglumaður:

Lögreglumenn sem lokið hafa prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómaprófi í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnám á vegum lögreglunnar og annast öll almenn störf á sviði löggæslu og rannsókna. Lögreglumaður skal geta veitt fullnægjandi upplýsingar, leiðbeiningar og fyrirmæli til borgara og geta leiðbeint og stýrt öðrum lögreglumönnum. Verkstjórn getur einnig falist í starfinu en er ekki meginhluti þess.

Grunnröðun: **If. 09-2**

Hækkun í starfaflokknum eftir starfsaldri er sem hér segir:

Eftir 5 ár í lögreglustarfi um	3 launþrep	(09-5)
Eftir 10 ár í lögreglustarfi um	2 launaflokka, 3 þrep	(11-2)
Eftir 15 ár í lögreglustarfi um	4 launþrep	(11-6)

Grunnröðun þann 1. júní 2018: **If. 09-3**

Hækkun í starfaflokknum eftir starfsaldri er sem hér segir:

Eftir 5 ár í lögreglustarfi um	3 launþrep	(09-6)
Eftir 10 ár í lögreglustarfi um	2 launaflokka, 3 þrep	(11-3)
Eftir 15 ár í lögreglustarfi um	4 launþrep	(11-6)

#### Starfaflokkur 2 – Lögreglumaður í sérsveit

Lögreglumenn sem lokið hafa prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómaprófi í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnám á vegum lögreglunnar og nýliðanámskeiði fyrir sérsveitarmenn annast öll almenn störf á sviði löggæslu og rannsókna, staðist hafa skilyrði til inngöngu í sérsveit og starfa þar. Lögreglumenn í sérsveit ríkislögreglustjóra eru sérþjálfaðir til þess að takast á við vopnuð lögreglustörf og öryggismál, þar með talið hryðjuverk og stórfelld ofbeldisbrot. Þá getur starfið einnig falist í umsjón eða þátttöku í kennslu og þjálfun.

Grunnröðun lögreglumanna í sérsveit: **If. 11-2**

Hækkun lögreglumanna í starfaflokknum eftir starfsaldri er sem hér segir:

Eftir 5 ár í lögreglustarfi um	1 launaflokk, 2 þrep	(12-1)
Eftir 10 ár í lögreglustarfi um	1 launþrep	(12-3)
Eftir 15 ár í lögreglustarfi um	3 launþrep	(12-6)

Grunnröðun þann 1. júní 2018: **If. 11-3**

Hi  
Jkx  
JB

Ru

Hækkun lögreglumanna í starf flokknum eftir starfsaldri er sem hér segir:

Eftir 5 ár í lögreglustarfi um	1 launaflokk, 2 þrep	(12-2)
Eftir 10 ár í lögreglustarfi um	1 launþrep	(12-3)
Eftir 15 ár í lögreglustarfi um	3 launþrep	(12-6)

### **Starf flokkur 3 - Rannsóknarlögreglumaður:**

Lögreglumenn sem fyrst og fremst annast rannsóknir mála. Einnig getur falist í starfinu verkstjórn og/eða umsjón ákveðinna verkefna sjálfstætt og/eða undir stjórn annarra. Þá getur starfið einnig falist í umsjón eða þátttöku í kennslu og þjálfun.

Grunnröðun: **If. 12-1**

Hækkun í starf flokknum eftir starfsaldri er sem hér segir:

Eftir 5 ár í lögreglustarfi um	1 launaflokk	(13-1)
Eftir 10 ár í lögreglustarfi um	2 launþrep	(13-3)
Eftir 13 ár í lögreglustarfi um	2 launþrep	(13-5)
Eftir 15 ár í lögreglustarfi um	1 launþrep	(13-6)

### **Starf flokkur 4 - Varðstjóri:**

Starfið felst í stjórnun og/eða verkstjórn og umsjón ákveðinna verkefna sjálfstætt og/eða undir stjórn annarra. Í starfinu getur falist kostnaðareftirlit og viðvarandi verkefnastjórnun. Starfsmanni getur verið falið að koma fram fyrir hönd embættis. Þá getur starfið einnig falist í umsjón eða þátttöku í kennslu og þjálfun.

Grunnröðun: **If. 12-1**

Hækkun í starf flokknum eftir starfsaldri er sem hér segir:

Eftir 5 ár í lögreglustarfi um	1 launaflokk	(13-1)
Eftir 10 ár í lögreglustarfi um	2 launþrep	(13-3)
Eftir 13 ár í lögreglustarfi um	2 launþrep	(13-5)
Eftir 15 ár í lögreglustarfi um	1 launþrep	(13-6)

### **Starf flokkur 5 – Varðstjóri í sérsveit og á fjarskiptamiðstöð:**

Starfið felst í stjórnun og/eða verkstjórn og umsjón ákveðinna verkefna sjálfstætt og/eða undir stjórn annarra. Í starfinu getur falist kostnaðareftirlit og viðvarandi verkefnastjórnun. Starfsmanni getur verið falið að koma fram fyrir hönd embættis. Þá getur starfið einnig falist í umsjón eða þátttöku í kennslu og þjálfun.

Grunnröðun: **If. 14-1**

Hækkun í starf flokknum eftir starfsaldri er sem hér segir:

Eftir 5 ár í lögreglustarfi um	1 launaflokk	(15-1)
Eftir 10 ár í lögreglustarfi um	2 launþrep	(15-3)
Eftir 13 ár í lögreglustarfi um	2 launþrep	(15-5)
Eftir 15 ár í lögreglustarfi um	1 launþrep	(15-6)

Handwritten notes and signatures in blue ink. The notes include "Hi", "TIP", and "AB". Below these are two large, stylized signatures.

**Starfaflokkur 6 - Aðalvarðstjóri:**

Starfið felst í stjórn vaktar og felur fyrst og fremst í sér að skipuleggja, stjórna og samhæfa störf vaktar, umsjón verkefna eða málaflokka er lúta að kostnaðareftirliti og/eða viðvarandi verkefnastjórnun. Starfsmanni getur verið falið að koma fram fyrir hönd embættis. Þá getur starfið einnig falist í umsjón eða þátttöku í kennslu og þjálfun.

Grunnröðun: **lf. 14-1**

Hækkun í starfaflokknum eftir starfsaldri er sem hér segir:

Eftir 5 ár í lögreglustarfi um 1 launaprep (14-2)

Eftir 10 ár í lögreglustarfi um 2 launaprep (14-4)

Eftir 13 ár í lögreglustarfi um 2 launaprep (14-6)

**Starfaflokkur 7 – Aðalvarðstjóri í sérsveit og á fjarskiptamiðstöð:**

Starfið felst í stjórn vaktar og felur fyrst og fremst í sér að skipuleggja, stjórna og samhæfa störf vaktar, umsjón verkefna eða málaflokka er lúta að kostnaðareftirliti og/eða viðvarandi verkefnastjórnun. Þá getur starfið einnig falist í umsjón eða þátttöku í kennslu og þjálfun. Starfsmanni getur verið falið að koma fram fyrir hönd embættis.

Grunnröðun: **lf. 16-1**

Hækkun í starfaflokknum eftir starfsaldri er sem hér segir:

Eftir 5 ár í lögreglustarfi um 1 launaprep (16-2)

Eftir 10 ár í lögreglustarfi um 2 launaprep (16-4)

Eftir 13 ár í lögreglustarfi um 2 launaprep (16-6)

**Starfaflokkur 8 - Lögreglufulltrúi:**

Starfið felst í rannsókn mála, stjórnun og umsjón verkefna eða málaflokka er lúta að rannsóknnum, skipulagningu og samhæfingu deilda eða málaflokka, áætlanagerð og kostnaðareftirliti og eftir því sem við á viðvarandi stjórn eða umsjón verkefna. Þá getur starfið einnig falist í umsjón eða þátttöku í kennslu og þjálfun. Starfsmanni getur verið falið að koma fram fyrir hönd embættis.

Grunnröðun: **lf. 14-1**

Hækkun í starfaflokknum eftir starfsaldri er sem hér segir:

Eftir 5 ár í lögreglustarfi um 1 launaprep (14-2)

Eftir 10 ár í lögreglustarfi um 2 launaprep (14-4)

Eftir 13 ár í lögreglustarfi um 2 launaprep (14-6)

**Starfaflokkur 9 - Aðstoðaryfirlögsluþjónn:**

Starfið felst í stjórnun, umsjón og ábyrgð á starfsemi deilda eða sérstakra eininga innan deilda í samræmi við stefnu og skipurit embættis, í náinni samvinnu við næsta yfirmann. Einnig þátttaka í markmiðssetningu, áætlanagerð og kostnaðareftirliti. Í starfinu felst að vera í forsvari fyrir deild eða einingu innan deildar og koma fram fyrir hönd embættis og að annast samskipti út á við, í samræmi við skipurit embættis. Þá getur starfið einnig falist í umsjón eða þátttöku í kennslu og þjálfun.

Grunnröðun: **lf. 22-3**

H  
F  
2B

#### **tarfaflokkur 10 - Yfirlögregluþjónn:**

Starfið felst í daglegri stjórn, áætlanagerð og markmiðssetningu fyrir lögregluembætti í samræmi við markmið og stefnu þess ásamt umsjón og ábyrgð á rekstri löggæslunnar. Í starfinu felst að koma fram út á við fyrir hönd embættis, bera ábyrgð á samskiptum við ríkislögrelustjóra, önnur lögregluembætti og lögrelustjóra, ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki. Þá getur starfið einnig falist í umsjón eða þátttöku í kennslu og þjálfun.

Grunnröðun: **lf. 23-3**

#### **4. Viðbótarforsendur**

Við launaákvörðun er ríkislögrelustjóra heimilt að taka tillit til viðbótarforsendna sem varðað geta lögreglumenn og störf þeirra. Getur það átt við um stjómunarstörf og persónubundna þætti þegar ríkislögrelustjóri telur sýnt að það eigi við í tilteknu starfi.

##### **Umfangsmikil stjórnunarstörf**

Heimilt er að hækka lögreglumann í öllum starfaflokkum um 1 – 4 launaþrep ef starfið felst í stjórnun fjölmennrar deildar og/eða miklar kröfur eru gerðar um sérstaka faglega þekkingu.

##### **Persónubundnir þættir**

Með því að taka tillit til persónubundinna þátta hjá lögreglumanni getur ríkislögrelustjóri ákveðið að meta störf hans 1 – 4 launaþrepum hærra en það sem ella væri ef þeirra nyti ekki við.

##### **Skýring á persónubundnum þáttum**

Persónubundnir þættir byggjast á því að metnir eru persónulegir eiginleikar og auknir hæfileikar þeirra lögreglumanna sem sinna tilteknum störfum hjá embætti ríkislögrelustjóra, störfum sem leiða af þeim verkefnum/viðfangsefnum sem embættinu ber að sinna.

##### **Persónubundnir þættir sem gera menn hæfari í starfi eru.:**

Viðbótarmentun sem nýtist í starfi svo og starfsreynsla.

##### **Tímabundnir þættir sem miða skal við eru.:**

Viðbótarábyrgð og/eða álag vegna sérstakra verkefna.

Hæfni, sérstakur árangur og/eða frammistaða.

Viðbótarábyrgð og/eða álag vegna sérstakra verkefna

Frumkvæði/forysta í skipulags-, þróunar- og uppbyggingarstarfi og nýbreytni í starfi

Í öllum tilfellum er við það miðað að persónubundnir þættir gagnist lögreglumanni í starfi því sem hann gegnir.

Starfsreynsla og færni tekur til starfsreynslu og færni í lögreglu og eftir atvikum reynslu/færni sem fengin er af öðrum störfum og nýtist í lögrelustarfi.

Hi  
TCP  
JP  
JB

Ran

Við mat á þessu ber að líta til þess að viðkomandi hafi gegnt starfi það lengi að hann hafi öðlast nægilega reynslu og færni, hvert umfangið er og hversu miklar líkur eru á því að viðkomandi geti nýtt sér það í því starfi sem um ræðir.

Færni í starfi getur einnig tekið til eftirtalinna þátta. Færni við úrlausn flókinna verkefna, góðra vinnuskila, frumkvæðis, faglegrar ábyrgðar, sjálfstæðis í vinnubrögðum og hæfni til samskipta og samvinnu.

Aukin menntun og þjálfun sem nýtist í starfi getur tekið til viðbótar- /sérmenntunar og framhaldsmenntunar sem viðkomandi hefur lokið s.s. frá framhaldsdeild Lögregluskóla ríkisins eða háskólanámi í lögreglufræðum svo og annarrar menntunar og þjálfunar sem viðkomandi hefur lokið hér á landi eða erlendis til viðbótar við grunnmenntun sína sem lögreglumaður.

### **Mat á persónubundnum þáttum**

Við mat á persónubundnum þáttum skal hverju sinni leggja til grundvallar upplýsingar og haldbær gögn sem ríkislögreglustjóri og/eða lögreglumaður aflar og sem máli skiptir áður en ákvörðun er tekin.

Þrátt fyrir að matskenndar ákvarðanir byggist að nokkru á persónulegri, en rökstuddri skoðun þess eða þeirra sem um fjalla hverju sinni er mikilvægt að samræmis og jafnræðis gæti í sambærilegum tilvikum og að farið sé eftir grundvallarreglu stjórnsýsluréttar að málefnaleg sjónarmið séu höfð að leiðarljósi.

Launahækkun sem byggð er á viðbótarforsendum byggir á því að um sé að ræða viðvarandi og stöðugt verksemi og verið sé að meta þá þætti starfsins sem leiða af þeim verkefnum/viðfangsefnum sem embætti ber að sinna. Byggir hún einnig á því að forsendur fyrir launaákvörðuninni breytist ekki. Í því felst að endurskoða skal launaákvörðun vegna viðbótarforsendna séu þær ekki lengur fyrir hendi.

## **5. Bókanir**

### **1. Starfsaldur.**

Gengið er út frá því að starfsaldurshækkanir nýs stofnanasamnings byggji á sömu forsendum og í eldri stofnanasamningi. Starfsaldur varðandi nýráðningar í lögreglu telur frá þeim tíma sem starfsþjálfun hefst í lögreglu í samræmi við túlkun samstarfsnefndar aðila frá frá 15. mars 2004 sem segir,

*„Nýráðning í lögreglu miðast við þann tíma sem viðkomandi hóf starf í lögreglu, þannig að þeir sem höfðu gegnt lögreglustarfi fyrir 1. janúar 2003 fá starfsaldur í lögreglu metinn að fullu.“*

Aðilum er ljós nauðsyn þess að skýrar reglur gildi um hvernig starfsaldur í lögreglu er metinn, hvernig hann er skráður og að þær upplýsingar séu aðgengilegar bæði fyrir

HÍ  
TUF  
JTB

lögregluembættin og LL. Vegna þessa eru aðilar sammála um að brýnt sé að koma upp miðlægri skrá varðandi starfsaldur innan lögreglu

## 6. Gildistími og endurskoðun

Samningur þessir gildir frá 1. janúar 2018.

Við gildistöku samningsins hefur lögreglumönnum við embættið verið raðað til launa í samræmi við framangreint.

Heimilt er að endurskoða samkomulag þetta ef annar hvor aðila óskar þess.

Aðilar þessa stofnanasamnings skuldbinda sig til endurskoðunar á honum í samræmi við samkomulag Landssambands lögreglumanna við fjármálaráðherra við gerð kjarasamnings árið 2015. Skal þeirri endurskoðun vera lokið fyrir árslok 2018 í tengslum við gerð nýrra stofnanasamninga við önnur lögregluembætti í landinu er taka tillit til menntunarþátta.

Reykjavík, 15. janúar 2018

F.h. Landssambands lögreglumanna

F.h. ríkislögreglustjóra

*Ólafur Þorvaldursson*  
Ólafur  
Ólafur Þorvaldursson  
Ólafur Þorvaldursson  
Ólafur Þorvaldursson  
Ólafur Þorvaldursson  
Ólafur Þorvaldursson  
Ólafur Þorvaldursson  
Ólafur Þorvaldursson

*Ólafur Þorvaldursson*  
Ólafur Þorvaldursson  
Ólafur Þorvaldursson  
Ólafur Þorvaldursson